

Samantekt úr Eurydice-skýrslunni:

Digital Education at School in Europe

Skýrsla Eurydice, upplýsinganets ESB um menntamál



September 2019

MENNTAMÁLASTOFNUN

Þorbjörn Kristjánsson og Gústaf Adolf Skúlason,
sérfræðingar á greiningarsviði

2127 – ISBN 978-9979-0-2418-7

Samantekt

Ísland leggur einna mesta áherslu allra Evrópuríkja á kennslu í upplýsinga- og tæknimennt í grunnskóla. Greinin tilheyrir skyldunámi í grunnskóla en jafnframt er hagnýting tækninnar skilgreind sem lykilfærni þvert á námsgreinar. Hins vegar er stefnumörkun um kennslu og innviði á þessu sviði víðast hvar skýrari en hér á landi og sama má segja um starfsþróun kennara. Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýrri skýrslu Eurydice, samstarfsnets ESB um menntamál, um kennslu í notkun stafrænnar tækni og hagnýtingu hennar í skólastarfi á grunn- og framhaldsskólástigi. Skýrslan fjallar alls um 43 skólakerfi í álfunni.

Meðal þess sem fram kemur í skýrslunni má nefna að í nær öllum Evrópuríkjum er þjálfun í stafrænni færni hluti skólastarfsins í grunnskóla og framhaldsskóla. Ýmist er upplýsinga- og tæknimennt aðskilin námsgrein eða námsgreinar eða/og skilgreind sem lykilfærni sem leggst þvert á ólíkar greinar í skólastarfi. Ísland er eitt ellefu Evrópuríkja þar sem upplýsinga- og tæknimennt er sérstakt skyldufag í grunnskóla en hér er færni í greininni jafnframt skilgreind sem lykilfærni sem gengur þvert á ólíkar greinar.

Ísland er, auk Grikklands og Norður-Makedóníu, eitt þriggja Evrópuríkja sem leggja hvað mesta áherslu á kennslu í notkun stafrænnar tækni (eða upplýsingatækni) sem sérstaka námsgrein. Víða er stafræn tækni í vaxandi mæli hagnýtt í ýmiss konar samræmdum prófum á landsvísu en Ísland er eitt tíu Evrópuríkja þar sem slík tækni er nýtt við framkvæmd samræmdra prófa í grunnskóla.

Í nær öllum Evrópuríkjum hafa yfirvöld menntamála mótað stefnu um kennslu á sviði stafrænnar færni, ýmist sérstaklega eða sem hluta af breiðari stefnumörkun um fræðslumál. Ísland er ekki í þessum hópi en komið er inn á mikilvægi menntunar í upplýsinga- og stafrænni tækni í *Hvítbók um umbætur í menntun* sem gefin var út árið 2014. Þá koma yfirvöld menntamála nær alls staðar að framboði á tækifærum til starfsþróunar (símenntunar) kennara á þessu sviði. Hér á landi hafa kennarar aðgang að fjármagni og tíma til að stunda starfsþróun en þeim er ekki sérstaklega beint í ákveðnar áttir á borð við þessa í því samhengi þótt slík tækifæri séu til staðar.

Inngangur

Út er komin skýrsla Eurydice, upplýsinganets Evrópusambandsins (ESB) um menntamál, *Digital Education at School in Europe*. Skýrslan fjallar um kennslu í notkun stafrænnar tækni á grunn- og framhaldsskólastigi og um hagnýtingu hennar í skólastarfi. Skýrslan tekur til allra 28 aðildarríkja ESB auk Íslands og níu annarra Evrópuríkja, eða alls til 43 skólakerfa (Belgía og Bretland eru að hluta til með 3–4 aðskilin skólakerfi). Fjallað er um námskrár, námsmat, þjálfun kennara og stefnumörkun stjórnvalda. Hér á eftir verður fjallað um efni skýrslunnar og stöðu mála á Íslandi í þessu samhengi. Myndir og gröf eru tekin úr framangreindri skýrslu Eurydice.

1. Stefna stjórnvalda í upplýsinga- og tæknimennt

Íslensk stjórnvöld hafa ekki mótað stefnu sérstaklega varðandi upplýsinga- og tæknimennt¹. Þó er mikilvægi stafrænnar menntunar undirstrikað í *Hvítbók um umbætur í menntun* sem gefin var út 2014:

Ef sett eru lykilmarkmið um menntun og hæfni nemenda er nauðsynlegt að skoða hvernig kennslu og námi er háttað og hvaða námsefni stendur til boða. Við blasir að líf og starf mun í æ ríkari mæli mótast af stafrænni tækni og nýjum og flóknum viðfangsefnum. Nám og kennsla þarf augljóslega að miðast við það sem við tekur að lokinni skólagöngu.


„Ný kennslufræði“ (e. new pedagogy) er hugtak sem fræðimenn hafa varpað fram sem svari við þessum aðsteðjandi vanda í skólastarfi (Michael Fullan, 2013). Það hljóti að kalla á viðbrögð af hálfu kennarans ef nemendur eru áhugalausir og láta sér leiðast í skólanum. Ljóst sé að laga þurfi nýja og ómóttstæðilega stafræna tækni að skólastarfinu. Lausnin felist í róttækum breytingum á kennslu-háttum og námsefni í náinni framtíð, sem byggist á auknu samstarfi kennara og nemenda.

Nýting stafrænnar tækni til náms og skemmtunar hefur vaxið hröðum skrefum, en að stærstum hluta utan skólanna. Hætt er við að viðbrögðin við þessari tæknibyltingu verði tilraunir til að halda aftur af nemendum eða að ýta kennurum til hliðar og setja tæknina í öndvegi. Hvorug leiðin gengur upp og því þarf að hugsa kennsluhætti og nýtingu fjölbreytts námsefnis frá grunni. Nýta þarf þekkingu og færni nemenda til að leiðbeina kennurum sínum og samnemendum. Jafnframt er æ fjölbreyttara kennsluefni nú aðgengilegt á netinu allan sólarhringinn, sem opnar margar nýjar leiðir. Nýja kennslufræðin á að miðast við að virkja nemendur til að nýta sér þessa möguleika í samvinnu við kennara, m.a. til að efla margs konar lestur og lesskilning (*Hvítbók um umbætur í menntun* bls. 40–41).

1 Grunnur að stefnu um upplýsingatækni í skólastarfi var saminn árið 2014 þar sem lögð var fram framtíðarsýn til tíu ára. Aðeins hefur verið stuðst við skýrsluna með óbeinum hætti en hún ekki hlotið brautargengi sem stefna. (*Skýrsla starfshóps um upplýsingatækni í skólastarfi – tillögur að úrbótum 2014.*)

Flest ríki Evrópu hafa gefið út sérstaka stefnu á sviði upplýsingatæknimenntunar í grunn- og framhaldsskólum, hvort sem um ræðir stefnu sem einkorðast við upplýsingatæknimenntun eða hvort slík menntun sé útfærð innan breiðari menntastefnu.

Figure 4.1: Types of top-level strategy encompassing digital education at school in primary and general secondary education (ISCED 1-3), 2018/19



Source: Eurydice.

Explanatory note

'**Specific strategy**' refers to one that focuses exclusively on digital education, while '**Broader strategy**' refers to strategies related to a wider policy area but which also include objectives for digital education.

Country-specific notes

Denmark: There is currently an action plan for technology in education and a new strategy focusing on digital education is under development.

Spain: Some Autonomous Communities have also implemented their own digital education strategies: Andalucía, Aragón, Illes Balears, Canarias, Castilla-La Mancha, Extremadura, Galicia and Navarra.

Croatia: While a broader strategy is currently in place, a specific strategy on digital maturity in schools and in the education system has been developed and its adoption is planned for the near future. This followed the e-Schools pilot project which established a system for developing digitally mature schools and ended in 2018.

Iceland: The municipalities of Reykjavík and Kópavogur, for example, have issued several reports on the integration of digital technologies in their compulsory schools.

Serbia: In addition to the broader strategy, there is also a specific top-level policy paper on digital education. The guidelines present quantitative and qualitative data that reflect the current state of play, and 71 recommendations for further developments in this area.

Engin virk stefna fyrir Ísland er til um upplýsinga- og tæknimennt. Þrátt fyrir að komið sé inn á mikilvægi menntunar í greininni í Hvítbók, er ekki unnt að segja að sérstök stefna sé útfærð. Sveitarfélög og skólar hafa útfært stefnu um upplýsingatæknimennt nánar. Til dæmis hafa Kópavogur² og Reykjavík³ gefið út stefnu um upplýsingatækni í skólastarfi innan sinna vébanda.

2 <https://www.kopavogur.is/static/files/Menntasvid/stefna-kopavogsbaejar-i-upplysingataekni-i-grunnskolum.pdf>


3 <https://reykjavik.is/sites/default/files/utstefna.pdf>

2. Upplýsinga- og tæknimennt í aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla


Á eftirfarandi mynd má sjá hvernig upplýsingatæknikennsla er háttað í Evrópu í grunnskóla annars vegar og framhaldsskóla hins vegar. Hér á landi er þetta sér fag í grunnskóla auk þess að teygja anga sína í önnur fög. Í framhaldsskóla (e. upper secondary) er þetta ekki sér fag heldur er hæfni í upplýsingatækni undirstöðuþekking í öðrum fögum, s.s. í náttúruvísindum.

Figure 1.2: Curriculum approaches to teaching digital competences according to national curricula for primary and general secondary education, (ISCED 1-3), 2018/19


Primary (ISCED 1)



Lower secondary (ISCED 2)



Upper secondary (ISCED 3)



Source: Eurydice.

Compulsory and optional separate subjects

	BG	CZ	DK	DE	EE	IE	EL	ES	FR	HR	CY	LV	LT	LU	HU	MT	AT
ISCED 1	●	●			○		●				○		○				
ISCED 2	●	●			○	○	●			●	●	●	●		●	●	●
ISCED 3	●	●	○		○		○	○	○	●	○	○	○	○	●	●	●
	PL	PT	RO	SI	UK-ENG	UK-WLS	UK-NIR	AL	BA	IS	LI	ME	MK	NO	RS	TR	
ISCED 1	●	●	○	○	●	●				●	●	●	●		○		
ISCED 2	●	●	●	○	●	●		●	●	●	●	●	●	○	●	●	
ISCED 3	●	○	○	●	●	○	○	●	●		○	●	●	○	●	●	

● = Compulsory ○ = Optional

Í grunnskóla er markmið og tilgangur námsins að efla nemendur í upplýsinga- og miðlalæsi og almennri tæknifærni og tæknilæsi (*Aðalnámskrá grunnskóla 2011, greinarsvið 2013*). Hæfniviðmið fyrir fagið eru sett fram í fimm flokkum og eru viðmiðin sett við lok 4. bekkjar, 7. bekkjar og 10. bekkjar. Flokkarnir fimm sem um ræðir eru:

1. Vinnulag og vinnubrögð
2. Upplýsingaöflun og úrvinnsla
3. Tækni og búnaður
4. Sköpun og miðlun
5. Siðferði og öryggismál

Hæfniviðmiðin taka til fjölbreyttra þátta í upplýsinga- og tæknimennt, s.s. aðferða við vinnulag eins og fingrasetningar og sjálfstæðra og skapandi vinnubragða, hæfni við að nýta tæknina til upplýsingaleitar og meðferð upplýsinga í heimildavinnu og getu til ábyrgrar meðferðar upplýsinga. Einnig er lögð áhersla á hæfni sem snýr að tækninni sjálfri, s.s. nýtingu hugbúnaðar við framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna, mynd- og hljóðvinnslu og vefsmíðar. Enn fremur er kveðið á um hæfni til að útskýra einfaldan hugbúnað, eðli og uppbyggingu tölvu og nýtingu hugbúnaðar við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan hátt⁴ (*ibid.*). Ekki er með beinum hætti minnst á forritunarkennslu í aðalnámskrá grunnskóla en tillögur um að slík kennsla ætti að vera í boði hafa skotið upp kollinum, m.a. frá fyrirtækjum og á vettvangi stjórn-málanna⁵, og virðast helstu rökin með því vera að búa nemendur undir þátttöku í samfélagi þar sem slík hæfni spilar sífellt stærra hlutverk.


Í aðalnámskrá framhaldsskóla er upplýsinga- og tæknimennt ekki sérfrag heldur er faginu ætlað að fléttast inn í önnur fög. Í þrepaskiptum hæfniviðmiðum fyrir erlend tungumál annars vegar og stærðfræði hins vegar er sérstaklega tekið fram að nemendur skuli öðlast tiltekna hæfni í notkun upplýsingatækni og vinnu úr ýmsum upplýsingaveitum líkt og tíðkast í heimildarvinnu, sem og að tileinka sér færni í notkun sérhæfðra stærðfræðiforríta (*Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011*).

Í aðalnámskrá grunnskóla er tekið fram að verja skuli að lágmarki 150 stundum á ári í kennslu upplýsingatækni á yngsta stigi grunnskóla. Ísland er þar í hópi þriggja Evrópuríkja, ásamt með Grikklandi og Norður-Makedóníu, sem leggja hvað flestar stundir við kennslu upplýsinga- og tæknimenntar á því skólastigi.

4 Hæfniviðmiðin í síðustu setningu málsgreinarinnar eiga við um hæfni nemenda við lok grunnskóla.

5 Umræðan kemur m.a. fram í *Stefnu um nýtingu upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg 2018–2022; Skýrslu starfshóps um upplýsingatækni í skólafarfi frá 2014 en hópurinn starfaði á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.*

Figure 1.3: Recommended minimum instruction time for ICT as a compulsory separate subject for all students by education level in primary and compulsory general secondary education (ISCED 1-3), 2018/19



3. Námsmat í upplýsinga- og tæknimennt

Í aðalnámskrá grunnskóla er að finna leiðarvísi fyrir kennara að matsviðmiðum í upplýsinga- og tæknimennt við lok grunnskóla en gert er ráð fyrir að skólar setji sjálfir matsviðmið fyrir aðra árganga og geri grein fyrir þeim í skólanámskrá. Í matsviðmiðum við lok 10. bekkjar er hæfni nemenda lýst á kvarða A, B, C, D þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B lýsir góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki þeim viðmiðum sem lýst er í C. Gefin er nánari lýsing á kvörðunum sem ekki verður farið í hér.

Eins og lýst er hér að ofan er upplýsinga- og tæknimennt ekki sérstakt fag í aðalnámskrá framhaldsskóla og því engin matsviðmið til fyrir fagið önnur en þau sem ef til vill lúta að notkun tækninnar til að uppfylla þarfir einstakra faga.

Hæfni í upplýsinga- og tæknimennt er ekki metin á samræmdum könnunarprófum í grunnskóla og ekki er notast við slík próf á framhaldsskólastigi. Þó er tölvutækni nýtt við fyrirlögn samræmdra könnunarprófa í grunnskóla en þeirri aðgerð var formlega hrint af stað í íslenskum grunnskólum haustið 2016. Ísland er eitt tíu Evrópuríkja þar sem tölvutæknin er nýtt við framkvæmd slíkra prófa á grunnskólastigi.

4. Kennaramenntun í upplýsinga- og tæknimennt

Lykilþáttur í góðri kennslu upplýsinga- og tæknimenntunar er að kennarar hafi þekkingu á faginu og séu reiðibúinir að samþætta kennsluhætti með nýrri tækni, enda er tækniþróunin ör. Því er mikilvægt að boðið sé upp á góðan grunn í kennaranámi.

Tveir íslenskir háskólar bjóða upp á kennaramenntun, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri. Sé rýnt í kennsluskrár skólanna má sjá að báðir bjóða upp á sérhæfingu í upplýsinga- og tæknimennt í skólastarfi.

Upplýsinga- og tæknimennt sem sérhæfing í B.Ed. námi til 180 ECTS

Í Háskóla Íslands er boðið upp á B.Ed. nám til 180 eininga í grunnskólakennslu með áherslu á upplýsingatækni og miðlun. Markmið þessarar sérhæfingar er:

að mennta kennara og aðra sérfræðinga sem geta stuðlað að bættu skóla- og fræðslustarfi með aðstoð upplýsingatækni, nýrra miðla og samskiptaleiða. Nemendur öðlast þekkingu og skilning á áhrifum stafrænnar tækni á nám og skólastarf, samfélag, menningu og lífsstíl. Jafnframt efla nemendur færni sína í notkun Netsins og annarra stafrænna miðla við kennslu og námsefnisgerð (https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=820262_20196&kennsluar=2019, sótt 22.05.2019 kl: 14:50).

Námið er byggt upp með bæði almennum áföngum sem snúa að faggreinakennslu, s.s. samfélagsgreina, náttúrufræði og stærðfræði sem og kennslufræði almennt, auk áfanga um menntarannsóknir en einnig með áföngum sem fjalla beinlínis um þá sérhæfingu sem um ræðir. Af þeim áföngum má nefna upplýsingatækni í námi og kennslu, tölvuleiki, leikheima og leikjamenningu og forritun og tæknismiðjur⁶.

Gerðar eru kröfur til nemenda um að þeir geti beitt fræðilegri þekkingu á efninu í orðræðu og aðferðarfræði rannsókna á efninu, þekki hvernig tæknin hefur þróast í skólastarfi á Íslandi og í alþjóðlegu samhengi og hvernig hún nýtist inni í kennslustofunni. Auk þess eru gerðar kröfur um grunnþekkingu á beitingu tækninnar sem um ræðir. Nemendur þurfa að geta unnið með forritunarmál og skipulagt notkun þess í kennslu.

Við Háskólann á Akureyri er boðið upp á kennarafræði til B.Ed. prófs og eru þar þrjú kjörsvið; leikskólakjörsvið, grunnskólakjörsvið og íþróttakjörsvið. Á öllum kjörsviðum eru skyldunámskeið í notkun upplýsingatækni í skólastarfi, auk þess sem eitt valnámskeið er á grunnskólakjörsviði⁷. Ekki er boðið upp á sérhæfingu á sviði upplýsinga- og tæknimenntar á B.Ed. stigi við Háskólann á Akureyri⁸.

6 Til að fá yfirlit yfir alla áfanga fyrir skólaárið 2019–2020 bendir höfundur á kennsluskrá Háskóla Íslands.

7 Þótt notkun upplýsingatækni í námi geti vissulega skarast við aðrar greinar eru hér einungis skoðaðir áfangar sem afmarkast við upplýsingatækni í námi sem sér fag.

8 Miðað er við kennsluskrá 2019–2020.

Upplýsinga- og tæknimennt sem sérhæfing í M.Ed. námi til 120 ECTS

Háskóli Íslands býður upp á nám á meistarastigi sem nefnist kennsla upplýsingatækni og miðlun. Meginmarkmið námsins er:

að mennta kennara og aðra sérfræðinga sem geta stuðlað að bættu skóla- og fræðslustarfi með aðstoð upplýsingatækni, nýrra miðla og samskiptaleiða. Nemendur öðlast þekkingu og skilning á áhrifum upplýsingabyltingarinnar á nám og skólastarf, samfélag, menningu og lífsstíl. Jafnframt efla nemendur færni sína í notkun Netsins og stafrænna miðla við kennslu og námsefnisgerð. Fjallað er um stafræna tækni og fengist við nýsköpun þar sem reynir á stafræn verkfæri og stafrænar lausnir (https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=nam&chapter=namsleid&id=-820265_20196&kennsluar=2019 – sótt 27.05.2019 kl. 12:49).

Í námsleiðinni má finna bæði áfanga sem hafa víðari skírskotun, eins og *menntun til sjálfbærni, hæfni í heimi breytinga*, sem og áfanga sem tengjast upplýsinga- og tæknimennt með beinum hætti en þar má nefna *upplýsingatækni í menntun og skólaþróun, hönnun námsefnis og stafræna miðlun og rými til sköpunar og samþættingar í skólastarfi: stærðfræði, náttúrugreinar og upplýsingatækni*. Sé rýnt í hæfniviðmið þessara þriggja námskeiða má sjá að þau gera kröfur um að nemendur hafi í senn tæknilega þekkingu, þekkingu á þróun tækninnar sem og þekkingu á því hvernig nýta má tæknina í kennslu, auk þekkingar á námsefnisgerð með tilliti til stafrænnar miðlunar.

Í menntavísindum við kennaradeild Háskólans á Akureyri geta nemendur valið kjörsviðið *upplýsingatækni í námi og kennslu* til M.A. prófs, bæði til 120 eininga náms sem og viðbótar-diplóma til 60 eininga. Markmið námsins er að nemendur verði hæfir til rannsóknarstarfa og starfa í menntakerfinu en ekki er tilgreint að námið veiti kennsluréttindi. Á námsleiðinni eru m.a. gerðar kröfur um að nemendur þekki sögulega þróun tækninnar og geti gert grein fyrir rannsóknum í upplýsingatæknimennt, t.d. til að meta hvernig mæta megi mismunandi þörfum nemenda. Einnig að þeir þekki helstu kennslulíkön og kennsluhætti um notkun upplýsingatækni í námi. Þá er einnig gerð krafa um að nemendur tileinki sér forritun og geti nýtt hana á sviði náms og kennslu⁹.

9 Námskrá Háskólans á Akureyri 2019–2020, útdráttur úr hæfniviðmiðum þriggja námskeiða: *Menntun og upplýsingatækni, þróun náms og kennslu í upplýsingatækni, og upplýsingatækni og starfsþróun til framtíðar*.


5. Starfsþróun og þjálfun kennara í upplýsinga- og tæknimennt

Í kjarasamningum grunn- og framhaldsskólakennara er kveðið á um starfsþróun kennara. Samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara er tími til starfsþróunar 150 klst. á ári, til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun kennara má skipta upp í þætti sem eru annars vegar nauðsynlegir fyrir skólann og þá þætti sem kennarinn sjálfur metur nauðsynlega fyrir sig til að viðhalda eða bæta við eigin þekkingu. Skólastjórar útfæra nánar starfsþróunaráætlun skóla í samráði við kennara.

Í kjarasamningi ríkissjóðs og Félags framhaldsskólakennara er kveðið á um að 80 klst. á ári skuli varið til endurmenntunar kennara.

Ísland er í hópi meirihluta Evrópulanda sem styðja við fræðslu og þjálfun kennara á grunn- og framhaldsskólastigi í upplýsingatæknimennt. Sá stuðningur er þó ekki með beinum hætti þar sem sjálfræði stofnana sem bjóða upp á slíka möguleika er mikið, auk þess sem kennarar ákveða í samráði við skólastjórnendur hvernig símenntun þeirra skuli háttað. Það fé sem rennur úr ríkissjóði til stofnana¹⁰ annars vegar og ýmissa endurmenntunarsjóða¹¹ hins vegar er því ekki eyrnamerkt starfsþróun í upplýsingatækni en stuðningurinn er fyrir hendi engu að síður og veitir hann möguleika á starfsþróun í þessari grein.

Figure 2.4: Methods of supporting the continued development of teacher-specific digital competences, primary and general secondary education (ISCED 1-3), 2018/19



10 Sem dæmi má nefna Skema sem heyrir undir Háskólann í Reykjavík og Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (HA) en báðir háskólarnir eru á fjárlögum. Skema býður m.a. upp á námskeið í forritun og í notkun spjaldtölva í kennslu og Miðstöð skólaþróunar við HA hefur m.a. í boði námskeið í notkun snalltækja í skólastarfi.

11 Sem dæmi má nefna Endurmenntunarsjóð grunnskóla.

Stutt um Eurydice-samstarfið:

Eurydice er samstarfsvettvangur 42 Evrópuþjóða á sviði menntamála. Þau ríki sem standa utan ESB geta tekið þátt og sum ríki taka þátt í einstaka rannsóknum og því er fjöldi þátttökulanda ólíkur milli rannsókna. Algengt er að lokafjöldi þátttökuríkja í hverri rannsókn sé á bilinu 38–42. Hlutverk Eurydice er að rannsaka og bera saman menntakerfi ólíkra landa, innviði þeirra og virkni. Á hverju ári gefur Eurydice út ítarlegar skýrslur um afmarkaða þætti í skólasterfi Evrópuþjóðanna. Skýrslurnar eru fullar af fróðleik og má nálgast skýrslurnar á heimasíðu MMS.

Í Eurydice samanburðargreiningum eru tekin fyrir einstaka viðfangsefni sem tengjast menntamálum. Alls eru 10–18 greiningar framkvæmdar á hverju starfsári. Um helmingur þeirra eru *reglubundnar greiningar* s.s. yfirlit um skólagjöld, laun kennara og skólastjórnenda og samanburður á kennslustundum í skyldunámi. Hinn helmingur greininganna eru *óreglulegar skýrslur* um viðfangsefni eða áherslur sem settar eru á oddinn fyrir hvert starfsár eða lengra tímabil innan samstarfsins.

Landstengiliður hvers þátttökulands, sem á Íslandi er Menntamálastofnun, svarar spurningalistum um það viðfangsefni sem verið er að rannsaka hverju sinni. Úrvinnsla gagna fer fram á deildarskrifstofu mennta- og menningarmála framkvæmdastjórnar ESB. (DG EAC). Allt efni sem Eurydice gefur út er fánlegt án endurgjalds á heimasíðu Eurydice en mikil áhersla hefur verið á að draga úr magni prentaðs efnis með umhverfissjónarmið í huga.

Greiningarnar hafa að leiðarljósi að varpa ljósi á menntakerfi heimsálfunnar í heild. Þær gegna ekki því hlutverki að greina hvert land fyrir sig, þótt þátttökuríkin geti speglað einstaka menntakerfi við aðrar Evrópuþjóðir. Greiningarnar segja aldrei hvert skuli stefna en þær eru vel til þess fallnar að nýtast sem gagnlegt innlegg inn í umræðu og stefnumótun.